



Kynsjúkdómar árið 2016



Í Farsóttufréttum ársins 2016 var vakin athygli á auknum fjölda sem greinst hefur á undanförunum árum með kynsjúkdóma, einkum sárasótt og lekanda. Fjöldi tilfella með klamydíusýkingu hefur þó haldist nokkuð stöðugur miðað við árin á undan.

Sárasótt

Á árinu 2016 greindust 33 tilfelli af sárasótt en árin 2014 og 2015 greindust 23 tilfelli hvort árið um sig, sjá mynd 1. Af þeim sem greindust með sjúkdóminn árið 2016 voru 88% karlmenn sem stunda kynlíf með öðrum körlum líkt og árin á undan. Meðalaldur þeirra sem sýktust á árinu var 39 ár (aldursbil 20–61 ár).

Lekandi

Á undanförunum þremur árum hefur staðfestum lekandatilfellum fjölgað jafnt og þétt. Á árinu 2016 greindust 86 tilfelli, sem er nánast tvöföldun frá fyrri árum (sjá mynd 2). Var það nánast stöðug aukning á fjölda tilfella í hverjum mánuði miðað við sama tíma á árunum 2014 og 2015. Meðalaldur þeirra sem greindust á árinu 2016 var 24 ár (15–55 ár) hjá báðum kynjum, en karlar voru í miklum meirihluta sem fyrr (74%). Talið er að smit tengist samkynhneigð



Efni:	bls.
Kynsjúkdómar árið 2016	1
Viðbrögð sóttvarnalæknis	2
Úttekt ECDC á viðbúnaði Íslendinga við heimsfaraldri influensu	3
Leiðbeiningar um handþvott á fjórum tungumálum	4

Ritstjórn

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, ábm.
Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Íris Marelsdóttir
Jónína M. Guðnadóttir
Júlíana Héðinsdóttir

Ritstjóri
Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi

Embætti landlæknis Sóttvarnalæknir

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 5101900
Bréfasími 5101920
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is





í yfir 70% tilfella. Á árinu reyndust 11 stofnar bakteríunnar vera ónæmir fyrir ciprofloxacini og þrír fyrir azithromycini. Fjölónæmir stofnar af lekandabakteríum hafa þó ekki greinst hér á landi, en víða erlendis er slíkt sýklalyfjaónæmi vaxandi vandamál.

Klamydía

Klamydía er langalgengasti kynsjúkdómurinn hér á landi með u.þ.b. 2000 tilfelli sem greinast árlega. Mánaðarlegur fjöldi þeirra sem greindust með klamydíu á árinu 2016 var svipaður og á árunum 2014 og 2015 (sjá mynd 3). Kynjahlutfallið hefur haldist nokkuð óbreytt á þessum árum, en 60% af þeim sem greindust með klamydíu voru konur.

HIV-sýking

Á árinu 2016 greindust óvenju margir einstaklingar með HIV-sýkingu, eða 27 einstaklingar, sem er meir en tvöfalt fleiri en á árunum 2014 og 2015 (sjá mynd 4). Af þeim sem greindust voru 20 karlmenn en sjö konur. Fjórtán voru með íslenskt ríkisfang en 13 voru af erlendu bergi brotnir. Uppruni smits var rakinn til Íslands í 13 tilvikum en til annarra landa í 14 tilvikum. Af þeim sem greindust voru sjö samkynhneigðir (35%), sjö gagnkynhneigðir (35%) en sex voru með sögu um sprautunotkun (30%). Óvenju margir, eða sex einstaklingar, greindust með alnæmi, sem er lokastig sjúkdómsins. Að auki voru þrír einstaklingar með merki um langt genginn sjúkdóm. Það bendir til þess að margir einstaklingar geta verið lengi með sýkingu af völdum HIV án þess að hennar verði vart og er það áhyggju-efni.



Viðbrögð sóttvarnalæknis

Sóttvarnalæknir telur brýnt að gripið verði til ýmissa opinberra aðgerða sem miða að því að snúa við ofangreindri þróun. Hann hefur lagt til að auka samvinnu velferðarráðuneytisins og sóttvarnalæknis við heilbrigðiskerfið, skóla-

kerfið og ýmis grasrótarsamtök eins og HIV-Ísland og Samtökin 78 í þessu skyni og hefur auk þess lagt til að skipaður verði starfshópur til að gera tillögur um aðgerðir.

Úttekt Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC) á viðbúnaði Íslendinga við heimsfaraldri inflúensu

Dagana 9.–11. nóvember 2016 kom nefnd á vegum Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC) til landsins og gerði úttekt á starfsemi sóttvarnalæknis vegna viðbúnaðar Íslendinga við heimsfaraldri inflúensu. Nefndin var skipuð sjö sérfræðingum á vegum ECDC.

Nefndarmenn kynntu sér [Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu](#) sem gefin var út í annað sinn vorið 2016. Nefndin hitti fulltrúa stofnana og fyrirtækja sem hlutverk hafa í viðbúnaði Íslendinga við skæðum inflúensufaraldri. Má nefna fulltrúa í heilbrigðisþjónustu og fulltrúa í veitu-, mennta-, og fjármálastofnunum. Einnig sat fulltrúi Bændasamtakanna fundinn og sagði frá viðbúnaði bænda og mikilvægi þeirra í

matvælaframleiðslu fyrir þjóðina. Þá kom fulltrúi Ferðamálastofu til fundarins og sagði frá nauðsyn góðrar upplýsingamiðlunar til ferðaþjónustuaðila.

Nefndin heimsótti Samhæfingarstöð almannaþinga (SST) í Skógarhlíð og ræddi við áhöfn SST, meðal annars við fulltrúa Landspítala, sjúkraflutninga, almannaþinga, Landhelgisgæslunnar, Vegagerðarinnar, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Rauða krossins á Íslandi og við fréttamann frá fréttastofu RÚV. Nefndin heimsótti einnig Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi (HSU) og fékk þar góða yfirsýn yfir framkvæmd bólusetninga vegna inflúensu og stöðu vegna komandi inflúensutímabils. Einnig

var farið á Keflavíkflugvöll og fundað með fulltrúum Isavia og öðrum starfsmönnum flugvallarins.

Markmið heimsóknarinnar var að skoða viðbúnað við landamærin og þá aðstöðu sem er í boði ef virkja þarf sóttvarnaáætlun flugvallarins. Boðleiðir voru ræddar og farið yfir mikilvægt hlutverk Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS) við að þjónusta alla þá ferðamenn sem fara um völlinn.

ECDC mun skila lokaskýrslu og verður henni miðlað til hlutaðeigandi og ákvörðun jafnframt tekin um frekari verkefni vegna viðbúnaðar við heimsfaraldri inflúensu.



Meðfylgjandi mynd er frá heimsókn ECDC til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Myndin er úr safni HSU.

Á myndinni eru: Chloe Sellwood frá Englandi, Markku Kuusi frá Finnlandi, Karoline Bragstad frá Noregi, Maríu José Sierra Moros frá Spáni og þau Rene Snacken, Svetlu Tsoлова og Andreu Würz, öll frá ECDC. Á myndinni eru einnig Hjörtur Kristjánsson, umdæmislæknir sóttvarna á Suðurlandi, Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, Guðrún Sigmundóttir yfirlæknir, verkefnastjórnarnir Ása St. Atladóttir og Íris Marelsdóttir og Júlíana Héðinsdóttir, aðstoðarmaður sóttvarnalæknis.

Leiðbeiningar um handþvott á fjórum tungumálum

Sóttvarnalæknir hefur gefið nýjar uppfærðar leiðbeiningar um handhreinsun með þvotti og/eða spritti, sem er mikilvægasta sýkingavörnin, en nauðsynlegt er að framkvæma hana rétt svo

að hún komi að gagni. Leiðbeiningarnar, sem hafa verið þýddar á fjögur al-gengustu erlendu tungumálin sem notuð eru hér á landi, ensku, pólsku, tælensku og litháísku, má nálgast á vef Embættis

landlæknis, sjá [Leiðbeiningar um handþvott](#).

Handþvottur og handsprittun

Eldurtakið hvertetriði vandlega fimm sinnum eða oftar!



1 Nuddið lófum saman



2 Nuddið bæði handarbökkin með lófunum



3 Nuddið vel milli fingra



4 Nuddið fingurgóma og æglur vandlega



5 Nuddið báða þumalfingar vandlega



6 Nuddið vandlega inni í báðum lófum